



Stjórnarfundur Samtaka Heilsuleiksskóla

Haldinn í Heilsuleiksskólanum Urðarhóli Kópavogi fimmtudaginn 10. mars 2011 kl. 10:00.

Mættar voru: Unnur Stefánsdóttir, Anna R. Árnadóttir, María Hermannsdóttir, Kristín Eiríksdóttir, Ingunn Ríkharðsdóttir og Sigrún Hulda Jónsdóttir.

Dagskrá fundar:

- 1. 10 daga námskeið í haust.** Umræðu framhaldið vegna námskeiðshalds í haust. Unnur fór yfir stöðu mála, rakti ferlið frá því 11 stjórnendur fóru í kynnisferð til Ungverjalands og tilboð Katalinu Lakatosa forstöðumanns BHRG stofnunarinnar um að halda námskeið fyrir leikskólakennara/íþróttakennara/sérkennara í heilsuleiksskólum. Ungverjalandsförum fannst spennandi að fá Katalinu hingað til lands og því var skipuð nefnd með það að markmiði að kanna þetta nánar. Jónína Lárusdóttir formaður undirbúningsnefndar kynnti stöðu mála á stjórnarfundum 14. febrúar sl. Eftirfarandi kom fram á þeim fundum:
 - **Áætlaður kostnaður:** Miðað er við að námskeiðið kosti 3 milljónir miðað við að þátttakendur séu 25. Katalina getur komið í október 2011 og haldið 10 daga námskeið (bóklegt) í beinu framhaldi af ráðstefnu heilsuleiksskóla. Seinni hluti námskeiðsins væri verklegur og kennt yrði í apríl 2012 í Ungverjalandi. Kennari sem sækir námskeiðið verður að klára allt námskeiðið til að fá réttindi, ef hann er fjarverandi vegna veikinda einn dag þá fær hann ekki réttindi.
 - Þátttakendur greiða fyrir allt námskeiðið í október 2011 samtals 120.000 kr. Þá á eftir að greiða fargjaldið til Ungverjalands og gistingu.
 - Kennarar sem hafa fengið réttindi til að nota aðferðina þurfa að endurnýja réttindi sín á þriggja ára fresti með því að fara á einsdags námskeið.
 - Leikskólar sem vinna með aðferðina eru teknir út árlega. Krisztina mun halda einsdags námskeið og taka skólana út, en hún á eftir að afla sér réttinda til að svo geti orðið.
 - Þeir skólar sem nota aðferð Katalinu greiða henni árgjald sem er 150 evrur.
 - Allir sem vinna eftir þessari aðferð þurfa að eiga ákveðin tæki í sal og því má gera ráð fyrir kostnaði vegna þessa.

Stjórnin hefur kynnt sér málið í samvinnu við undirbúningsnefndina og telur námskeiðið ekki henta heilsuleiksskólum. Ljóst er að skuldbinding er mikil og kostnaður mikill. Það er því ákvörðun stjórnar að taka ekki inn þetta námskeið.
- 2. Ráðstefna heilsuleiksskóla í haust.** Anna R. Árnadóttir sagði frá stöðu mála í undirbúningsnefndinni. Fyrirhugað er að halda ráðstefnu næsta haust og verður það ekki tengt hinu 10 daga námskeiði sem áður var horft til. Dagsetning er ekki komin en á næstunni er ætlunin að senda út í skólana könnun með það í huga að kanna hvaða dagsetning hentar flestum, valið mun standa um tvær dagsetningar. Nefndin er nú að safna hugmyndum að fyrirlestrum og staðsetningu. Kynnt nánar á aðalfundi samtakanna í mars.
- 3. Aðalfundur 31. mars.** Aðalfundur Samtaka Heilsuleiksskóla verður í Sveitarfélaginu Árborg fimmtudaginn 31. mars kl. 11:00-15:30. Fundurinn er opinn leikskólastjórum og aðstoðarleikskólastjórum í heilsuleiksskólum og Leikskólum á Heilsbraut. Fundinn skipuleggur Kristín Eiríksdóttir, leikskólastjóri í leikskólanum Árbæ. Unnur og Kristín munu senda út dagskrá og þátttökulista. Ef óskir eru um lagabreytingar þurfa þær að berast til stjórnar 7 dögum fyrir aðalfund. Kosning nýrrar stjórnar mun fara fram á aðalfundi. Kosið er um formann og varaformann. Unnur Stefánsdóttir gefur kost á sér áfram sem formaður samtakanna og Sigrún Hulda Jónsdóttir sem varaformaður. Anna R. Árnadóttir og María



Samtök heilsuleiksskóla

Hermannsdóttir gefa kost á sér áfram, Anna sem gjaldkeri og María sem ritari. Ekki er kosið um þær stöður á þessum aðalfundi. Kosið er um meðstjórnanda og varamann. Kristín Eiríksdóttir er meðstjórnandi og Ingunn Ríkharðsdóttir varamaður. Kosið verður um fjórar stöður á fundinum og eru áhugasamir beðnir að gefa sig fram við formann samtakanna.

- 4. Heilsubók barnsins.** Það er ákvörðun stjórnar að stofnaður verði þróunarsjóður, þar sem innkoma af sölu Heilsubókar barnsins verði grunnurinn. Þegar skóli sækir um að vera Leikskóli á heilsubraut greiðir hann 30.000. kr. kostnað vegna heilsubókar barnsins. Heilsubók barnsins er eign Heilsustefnunnar og aðeins heilsuleiksskólar og Leikskólar á heilsubraut hafa rétt á að nýta sér skráningarblöðin. Það er mat stjórnar að setja þarf ákvæði þar um í viðmið heilsuleiksskóla. Tillaga mun verða lögð fram á aðalfundi um viðbótaupplýsingar í viðmið heilsuleiksskóla.
- 5. Heilsubók ungbarna.** Sigrún Hulda fór yfir þær hugmyndir sem komnar eru hjá hópnum og hún mun kynnar þær nánar á aðalfundi. Stefnt er að útgáfu bókarinnar vorið 2012.
- 6. Annað**

Formaður þakkað stjórnarkonum samstarfið á starfsárinu. Fyrir alla vinnuna sem lögð hefur verið fram og áhugann á starfinu.

Ingunn sagði frá áhuga grunnskóla á Akranesi að gerast heilsuskóli.

María sagði frá umræðu um matarmál í grunnskólum í sunnudagsþætti með Sirrý og framhald þeirrar umræðu næsta sunnudag með innkomu skólanna í Vogum.

Fundi slitið kl. 12:15

Fundargerð ritaði María Hermannsdóttir